

Korpúlfsstaðafundur

Haldinn á Korpúlfsstöðum sunnudaginn 12.maí 2013 kl. 11.

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar Kelduskóla fyrir skólaárið 2013-2014. Gamla og nýja stjórnin hittist og ný stjórn skipti með sér verkum.

Eftir aðalfund 7.maí s.l. vantaði 2 í stjórn og 1 varamann. Skv. lögum félagsins skulu vera 7 stjórnarmenn og 2 varamenn. Borist hefur eitt framboð frá Ástu Hall, foreldri í 2.bekk Kelduskóla Korpu. Enn vantar einn stjórnarmann og einn varamann. Æskilegt er að viðkomandi komi úr Víkurhverfi svo jafnræðis sé gætt, í samræmi við lög félagsins. Áfram verður unnið að málinu.

Ný stjórn skipti með sér verkum:

Olga B. Gísladóttir formaður

Kristín J. Valsdóttir gjaldkeri

Kristín Lóa Ólafsdóttir ritari

Haraldur Rafn Ingvason röltstjóri og meðstjórnandi

Sigríður Ingvarsdóttir meðstjórnandi

Ásta Hall meðstjórnandi

Bekkjarfulltrúar

Skerpa þarf á hlutverki bekkjarfulltrúa og ýta undir að nýir bekkjarfulltrúar verði skipaðir fyrir næsta skólaár. Sniðugt að nota bekkjarkvöld og foreldrakvöld að vori til að hitta foreldra í bekknum og ákveða hvernig skuli staðið að mönnun í þetta hlutverk. Foreldrahópurinn í hverjum árgangi ætti að ákveða sameiginlega hvernig hlutverkið skuli rúlla milli foreldra.

Fylgja eftir í haust að bekkjarfulltrúar skipti foreldrum niður á viðburði, rölt osfrv. Virðist ekki hafa verið klárað í öllum bekkjum. Kannski ekki nógu vel kynnt hjá nýrri stjórn, skerpa þarf á þessu.

Hvetja bekkjarfulltrúa til að halda foreldrakvöld fyrir skólaslit, t.d. grill uppi í skóla eða í heimahúsi. Fara yfir útivistartíma, bekkjarfulltrúaskipti o.fl.

Hugmynd að hvetja foreldra í hverjum árgangi unglingadeildar til að vinna betur saman. Bekkjarfulltrúar innan árgangs skipuleggi saman foreldrakvöldin og röltið, Auðveldar vinnuna og eflir tengslin.

Viðburðir næsta skólaárs

Athuga með að halda vöflukaffi og jólaföndur í Vík. Góð hefð sem hafði skapast þar og óánægja með að það fór ekki fram í fyrra. Lagt til að verði yfirfært á Korpu einnig. Kvartað hafði verið yfir að dræm mæting væri hjá foreldrum á þennan viðburð, en e.t.v. vegna þess að auglýst var með stuttum fyrirvara. Foreldrar þurfa góðan fyrirvara til að taka sér frí frá vinnu.

Lagt til að afa haustbingó í stað fyrir jólabingó. Nóg annað í gangi fyrir jólin. Bingóið er góð fjáröflun fyrir félagið þar sem vinningar eru gefins, ólíkt páskabingó þar sem eggir eru keypt.

Umræður um hvort ætti að taka upp jólaföndur á vegum foreldrafélagsins. Betra að halda í hefðirnar sem skapast hafa í hverfinu; jólagangan sem er vinsæl og ekki of flókið utanumhald, og efla jólaföndrið/vöflukaffi á skólatíma.

Rætt um hvernig megi efla tengsl foreldra sín á milli. Reynt hefur verið að hafa félagsvist og jólaföndur (nammikrans). Fáir mættu á þessa viðburði en kannski má reyna aftur.

Rætt um tímasetningar á nemendasýningum á vegum skólans. Væri hægt að hafa þær snemma dags, fyrir eða um kl. 9. Einnig skoða í samræmi við Grænfána skólann. Tökum upp umræðu við skólastjóra.

Foreldrarölt

Af hverju erum við að rölta? Ekki nægjanlega góð þátttaka í vetur. Foreldrar bera fyrir sig að þeirra barn sé heima og því óþarfi að rölta.

Tilgangur röltisins er ekki síst að efla tengsl milli foreldra, oft verður mesta spjallið í foreldrahópnum á svona kvöldgöngu. Gott að kynnast hverfinu og því sem er í gangi, hverjir séu á ferðinni o.þ.h. þótt barnið manns sé heima. Ef röltið er til staðar er ólíklegra að krakkarnir séu á ferli og að bralla eitthvað óæskilegt.

Rætt um hvort ætti að samræma röltið með næstu skólum, t.d. Engja-, Rima-, Vættaskóla? Einnig hvort stjórnin ætti að hitta unglíngana/ nemendaráð eða Inga í félagsmiðstöðinni. Fá upplýsingar um skólaböll o.þh.

Athuga með að gera kynningu á FFK fyrir skólastjóra og stjórnarmenn. Kynning t.d. hjá 1.bekkjar foreldrum, einnig mætti kynna félagið oftari þegar tækifæri gefst.

Næsti fundur stjórnar FFK ákveðinn mánudaginn 2.sept kl. 20 í Vík.

Fundi slitið kl. 12:15.